



ÞRIÐJUDAGUR 21. ÁGÚST

16:00 - 20:00 PERLAÐ MEÐ KRAFTI

Kraftur leggur leið sína í Mosfellsbæ og perlar armbönd með Aftureldingu og Mosfellingum öllum. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

MÍÐVIKUDAGUR 22. ÁGÚST

18:00 BRENNIBOLTI FYRIR FULLORÐNA

Brenniboltakeppni fyrir fullorðna verður haldin í fyrsta sinn í túninu heima. Keppt verður á gamla gervigrasvelli­num að Varmá. Fimm saman í liði og eintömu gleði og gaman. Farið eftir brennibolta­reglum UMFÍ. Skráning: hannabjork@afturelding.is.

20:00 - 22:00 UNGLINGADANSLEIKUR Í HLÉGARÐI

Upphitun fyrir bæjarhátíðina. Unglingaball fyrir 8.-10. bekkinga.

Fram koma: Dj Egill Spegill og rapparinn Huginn. Aðgangseyrir: 800 kr.

FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST

BÆJARBÚAR SKREYTA HÚS OG GÖTUR Í HVERFISLITUM

GULUR - Hlíðar, Höfðar, Tún og Mýrar

RAUÐUR - Tangar, Holt og Miðbær

BLEIKUR - Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Mosfellsdalur

BLÁR - Reykja- og Helgafellshverfi

18-10 SÖNGLEIKURINN 1001 NÓTT Í BÆJARLEIKHÚSINU

13-17 ára krakkar úr Leikgleði sýna ævintýrasöngleikinn 1001 nótt í Bæjarleikhúsinu. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna, byggð á ævintýrinu um Aladdin og töfra-lampann. Miðaverð er 1.500 krónur og miðasala fer fram í síma 566-7788.

19:00 SKÁLDAGANGA MEÐFRAM VARMÁ

Safnast verður saman við Hlégarð, gengið niður með Varmá og að Leiruvogi. Bjarki Bjarnason rithöfundur og forseti bæjarstjórnar leiðir gönguna. Kvennakórinn Stöllur verður með í för og syngur lög á leiðinni og fer með bókmenntatexta á völdum stöðum.

19:00 FELLAHRINGURINN - FJALLAHJÓLAKEPPNI

Hjólakeppni um stíga innan Mosfellsbæjar. Keppnin hefst við íþróttahúsið að Varmá. Tvær vegalengdir í boði, 16 km og 30 km. Sjá nánar á netskraning.is/fellahringurinn.

18:00 - 20:00 SUNDLAUGARKVÖLD Í LÁGAFELLSLAUG

Fjölskyldan skemmtir sér saman. Leikhópurinn Lotta kikir í heimsókn með sína vinsælu söngvasýrpu. Blöðrulistamenn sýna listir sínar og gera skemmtileg blöðrudýr. Wipe-Out brautin snýr aftur og frír ís í boði. Frítt inn fyrir alla fjölskylduna.

20:00 Á LJÚFUM LITAGLÖÐUM TÓNUM

Tónleikar í Lágafellskirkju. Svavar Knútur flytur blöndu af sínum lögum. Allir hjartanlega velkomnir. Aðgangur ókeypis.

20:15 BÍLAKLÚBBURINN KRÚSER VIÐ KJARNA

Bílaklúbburinn Krúser safnast saman á bílaplaninu við Kjarna. Keyrður verður rúntur um Mosfellsbæ og svo stilla allir sér upp á planinu. Tilvalið að kíkja á flottar drossiúr og klassíska bíla frá líðinni tíu. Fjöldi glæsivagna verður á svæðinu ef veður leyfir.

21:00 SÓLI HÓLM MEÐ UPPISTAND Í HLÉGARÐI

Sóli Hólm hefur verið einn vinsælasti skemmtikraftur þjóðarinnar síðustu ár ásamt því að hafa getið sér gott orð í sjónvarpi og útvarpi. Hann hefur farið sigurför um landið með splunkunýtt uppistand. Miðasala á www.midi.is.

FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST

8:00 - 20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBBSINS

Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll.

10:00 OG 11:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR

Leikhópurinn Lotta kemur í heimsókn og flytur Söngvasýrpu og skemmtir 5 ára börnum í bænum. Sýningarnar verða tvær, kl. 10 og kl. 11. Öll börn fædd 2013 eru hjartanlega velkomin. Dagskrá í samstarfi við leikskólana.

13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 800 kr.

18:00 - 21:00 VELTIBÍLLINN Á MIÐBÆJARTORGINU

Veltibíllinn kemur í heimsókn á torgið þar sem Mosfellingum gefst kostur á því að finna hversu mikilvægt er að nota bílbelti.

19:00 TÍMATAKA Í PUMPUNNI

LexGames stendur fyrir æfingum og tímatöku í Pumpunni, hjólabrautinni á Miðbæjartorginu. Allir krakkar hvattir til að mæta á hlaupahjólum, hjólabrettum, línuskautum eða hjólum. Munið eftir hjálmi á höfuðið.

19:30-23:00 KAFFIHÚS MOSVERJA

Skátafélagið Mosverjar opnar alvöru kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Boðið upp á úrval kaffidrykkja, heitt kakó og vöfflur. Poppvélín í gangi yfir brekkusöngnum.

19:30 - 22:30 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS

Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi.

20:00 BMX BROS Á MIÐBÆJARTORGINU

Snillingarnir í BMX bros hita upp á Miðbæjartorginu áður en skróðgöngurnar leggja af stað. Þeir munu sýna listir sínar og bjóða upp á kennstu.

20:30 ÍBÚAR SAFNAST SAMAN Á MIÐBÆJARTORGI
GULIR, RAUÐIR, BLEIKIR og **BLÁIR** - Allir hvattir til að mæta í lopapeysu.

20:45 SKRÚÐGÖNGUR LEGGJA AF STAÐ Í ÁLAFOSSKVOS Hestamannafélagið Hörður leiðir gönguna með vöskum fákum. Göngustjórar frá Leikfélagi Mosfells sveitar ræsa einn lit af stað í einu.

21:00 - 22:30 ULLARPARTÍ Í ÁLAFOSSKVOS

Brekkusöngur og skemmtidagskrá. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skróðgöngu. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri setur hátíðina. Ronja Ræningjadóttir tekur nokkur lög og Hilmar og Gústi stýra brekkusöng. Björgunarsveitin Kyndill kveikir í blysum. Rauði krossinn sinnir gæslu ásamt Kyndli.

22:30 HÁTÍÐARBINGÓ OG LIFANDI TÓNLIST

Hátíðarbingó á Hvíta Riddaranum í Háholti að loknum brekkusöng. Glæsilegir vinn-ingar og mikil stemning. Eftir bingó tekur við lifandi tónlist og fjör fram eftir nóttu.

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

• **FRÍTT Í STRÆTÓ ALLAN DAGINN** • **FRÍTT Í VARMÁRLAUG OG LÁGAFELLSLAUG Í DAG** • **FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**

8:00 - 14:00 HLÍÐAVÖLLUR – OPNA FJ MÓTIÐ

„Í túninu heima“ mótið fer fram á Hlíðavelli. Skráning og rástímar á www.golf.is.

8:00 - 20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBBSINS

Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll.

9:00 - 17:00 FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN

Gljúfrasteinn - hús skáldsins opnar dyrnar að safninu í Mosfellsdal. Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfrar aldar skeið. Frítt inn á safnið og munu starfsmenn glaðir skeggræða við gesti og gangandi.

9:00 - 17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐI Á TUNGUBÖKKUM

Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

9:00 - 16:00 TINDAHLAUP MOSFELLSBÆJAR

Náttúruhlaup sem hefst við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Ræst kl. 9:00 og kl. 11:00. Fjórar vegalengdir í boði, 7 tindar (37 km), 5 tindar (35 km), 3 tindar (19 km) og 1 tindur (12 km). www.mos.is/tindahlaup og www.hlaup.is.

9:30 KETTLEBELLS ICELAND – ENGJAVEGUR 12

Opin Ketilbjölluæfing fyrir hrausta Mosfellinga. Gengið með ketilbjöllur upp á Reykja-fell þar sem æfing verður tekin á toppnum. Lagt af stað frá Engjavegi. Allir velkomnir.

9:30-10:15 QI GONG ÆFINGAR VIÐ HLÉGARÐ

Heilsueflandi samfélag býður upp á QI GONG æfingar með Guðmundi G. Þórarinssyni. Aldagömul kínversk leið til að höndla og efla lífskraftinn. Aðferðin er sambland af hugleiðingu og léttum líkamsæfingum ásamt öflugri öndun. Þátttaka er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

10:00 WORLD CLASS - MOSFELLSBÆ

Opinn tími, LITAGLEÐI, í World Class fyrir alla Mosfellinga. Skemmtileg blanda af styrktaræfingum og góðum teygjum. Kennari: Þorbjörg. Tökum á því í hverfalitunum!

10:30 – 11:30 OPIN ÆFING KARATEDEILDAR AFTURELDINGAR

Boðið verður upp á opna æfingu fyrir alla áhugasama til að koma og prófa. Íþróttin hentar öllum frá 5 ára aldri og upp úr. Mætið í þægilegum íþróttafötum og með vatnsbrúsa. Erum í bardagasalnum uppi á 3. hæð að Varmá.

10:00 - 16:00 MOSSKÓGAR Í MOSFELLSDAL

Útimarkaður: Sultukeppni, grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. Kammerkór Mosfellsbæjar tekur nokkur lög kl. 14:30. Úrslit í sultukeppni kl. 15:00. Skila þarf inn sultum í keppnina fyrir kl. 12.

12:00 - 16:00 SKIPTIFATAMARKAÐUR RAUÐA KROSSINS Skiptifatamarkaður í Þverholti 7. Barnaföt frá 0-12 ára, komdu með heillegar flíkur og skiptu út fyrir aðrar heillegar eða gerðu reifarakaup.

12:00-17:00 FJÖLSKYLDURATLEIKUR OG KLIFURVEGGUR Í KVOSINNI Skátafélagið Mosverjar setur upp klifurvegg við Skálann í Álafosskvos. Öllum boðið að sigra vegginn og komast á toppinn. Mosverjar standa fyrir fjölskyldurátökum með þrautum og skemmtilegheitum. Útdráttarverðlaun fyrir þá sem klára allar þrautirnar.

12:00 - 17:00 WINGS AND WHEELS - TUNGUBAKKAFLUGVÖLLUR

Fornvélasýning: Gamlar flugvélar, dráttarvélar úr Mosfellsbæ, mótörhjóll, fornbílar og flugsýning. Heitt á könnunni fyrir gesti og karamellukast fyrir káta krakka.

12:00 HÓPAKSTUR UM MOSFELLSBÆ

Ferguson-félagið stendur fyrir hópakstri dráttarvéla og fornbíla.

Lagt er af stað frá Tungubakkaflugvelli og keyrður hringur um Mosfellsbæ.

12:00 - 14:00 KOMDU OG VERTU MEÐ AFTURELDINGU

Allar deildir Aftureldingar koma saman í íþróttahúsinu að Varmá í sal 3. Allir velkomnir að prófa þær íþróttir sem þeir vilja. Fulltrúar frá deildum verða á staðnum og kynna vetrardagskrána.

12:00-18:00 KAFFIHÚS MOSVERJA

Skátafélagið Mosverjar opnar alvöru kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Boðið upp á úrval kaffidrykkja, heitt kakó og vöfflur.

13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL

Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 800 kr.

13:00-16:00 ÚGANDA-FESTIVAL HJÁ RAUÐA KROSSINUM

Úganda-festival í húsi Rauða krossins. Í boði verða réttir frá Úganda, lifandi tónlist, atriði og tækifæri til þess að kynnast nýjum íbúum Mosfellsbæjar.

12:00 - 17:00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS

Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi og ýmsar uppakomur.

12:00 Blaðarinn mætir með sín vinsælu blöðrudýr

12:30 Mosfellskórinn

13:00 Krakkar úr Krikaskóla syngja

13:30 Kammerkór Mosfellsbæjar

14:00 Karlakórinn Stefnir

14:30 Krakkar kveða rímur

15:00 Leikgleði flytur lög úr ævintýrasöngleiknum 1001 nótt

15:30 Skósvæinar (Minions) á róttinu um svæðið

16:00 Ukulele-ævintýri undir stjórn Berglindar Björgúlfs

13:00 - 18:00 OPIÐ HÚS Á REYKJAVEGI 84

Keramík, kaffi, konfekt og snafsar frá vínframleiðandanum Eimverk verða í boði á opnu húsi á Leirvinnustofunni Reykja-vegi 84, hjá Helgu Jóhannesdóttur. Allir hjartanlega velkomnir.

13:00-15:00 EIRHAMRAR – FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA Mosfellingar, FaMos-félagar og aðrir gestir velkomnir í heimsókn í þjónustumiðstöðina á Eirhömrum. Fjölbreytt vetrardagskrá kynnt. Kaffi á könnunni og Vorboðarnir taka lagið um kl. 13:00.

13:00-13:30 BARNADAGSKRÁ Á TÚNINU VIÐ HLÉGARÐ

Barnaleikritið Karius og Baktus verður sýnt við Hlégarð. Fjallar um tvo skrýtna náunga sem una sér best við sæl-gætisid og holugerð í tónnunum hans Jens. Aðgangur frír.

13:00 - 16:00 SKOTTMARKAÐUR VIÐ KJARNA

Mosfellingum gefst kostur á að koma með alls kyns gull og gersemar úr skápum og bílskrúm og bjóða gestum og gangandi til sölu. Einnig er handverkisfólk velkomið. Nánari upplýsingar á Facebook. Skráning hjá Elísabetu í s. 898 4412.

14:00 UKULELE-ÆVINTÝRI

Ukulele-ævintýri í stigangangi stóra hússins að Álafossvegi 23. Berglind Björg leiðir hóp nemenda.

14:00 - 24:00 TÍVOLIÐ VIÐ MIÐBÆJARTORG

14:00 - 16:00 REEBOK FITNESS LEIKARNIR

Líf og fjör á Miðbæjartorginu. Zumba undir stjórn Rögggu. CrossFit Katla með sýnikennslu. Unglingar fæddir 2003 fá gjafakort frá Reebok Fitness. Lean Body kynning. Kynning á starfsemi Reebok Fitness. LexGames stendur fyrir æfingum og tímatöku í Pumpunni (Hjólabrautinni). Street-soccer mót á litla battavellinum. Skráning á staðnum, einn á móti einum. Heilsueflandi samfélag stendur fyrir leikjum á torginu, snú-snú, teygjó, París o.fl.

14:00 - 16:00 KJÚKLINGAFESTIVAL

Stærstu kjúklinga- og matvælaframleiðendur landsins kynna afurðir sínar og gefa smakk við íþróttamiðstöðina að Varmá. Matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Ýmis skemmtiatriði, sumarbiathlon, harmonikkuleikur, tónlist, uppistand og fleira.

14:00 - 17:00 STEKKJARFLÖT – HOPPUKASTALAR Frítt fyrir káta krakka.

15:00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

Jóni og Lína bjóða uppá leiðsögn um sýningu sína Frá móður til dóttur – frá dóttur til móður. Íbúar hvattir til að mæta og kynna sér betur þessa flottu sýningu sem hefur verið lýst sem „púlsandi af tilfinningum“.

15:00 OPIN ÆFING STEFNIS Í FMOS

Karلاكórinn Stefnir heldur opna kóræfingu í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Allir velkomnir og verðum gestum boðið að syngja með ef þeir þora.

15:00 - 16:00 STEKKJARFLÖT – HESTAFJÖR

Teymt undir börnum á Stekkjarflötinni í boði Hestamenntar.

14:00 VARMÁRVÖLLUR - AFTURELDING - HUGINN

Knattspyrnulið Aftureldingar tekur á móti Hugin frá Seyðisfirði. Leikur í Íslandsmótinu í knattspyrnu – 2. deild karla.

16:30 KARPELLUKAST Á FLUGVELLINUM TUNGUBÖKKUM

17:00 - 21:00 GÖTUGRILL Í MOSFELLSBÆ

Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins. Tríðið Kókos fer á milli staða og heimsækir heppna íbúa. Látið vita ef þið viljið eiga kost á því að fá lifandi tónlist á Facebook-síðu Kókos.

21:00 - 23:00 STÓRTÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGI

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem Mosfellsbær býður öllum upp á tónleika á Miðbæjartorginu. Fram koma: Sprite Zero Klan, Karma Brigade, Stjórnin, Páll Óskar, Albatross, Sverrir Bergmann, Jóhanna Guðrún og Ragga Gísla. Kynnir verður Sigmar Vilhjálmsson. Rauðakrosshópurinn sinnir gæslu ásamt Kyndli.

23:00 BJÖRGUNARSVEITIN MEÐ FLUGELDASÝNINGU

23:30 - 04:00 STÓRDANSLEIKUR MEÐ PÁLI ÓSKARI Hinn eini sanni Páll Óskar mætir í íþróttahúsið að Varmá. Miðverð aðeins 2.000 kr. í forsólu sem fer fram á Hvíta Riddaranum og 3.000 kr. við hurð.

SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

8:00 - 20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBBSINS Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll. Æfingaboltar á staðnum.

9:00 - 17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur.

11:00 GUÐSPJÓNUSTA Í MOSFELLSKIRKJU Guðspjónustuna með „Í túninu heima“ hátíðarblæ. Við guðspjónustuna syngur kirkjukór Lágafellssóknar ásamt Einari Clausen. Prestur: sr. Arndís Linn.

12:30 OG 15:30 ÞORRI OG ÞURA Á MALTÚNSREIT Álfabörnin Þorri og Þura fagna 10 ára starfsafmæli sínu í ár og bjóða Mosfellingum á ókeypis leiksýningu undir berum himni. Áhorfendur taka virkan þátt í sýningunni sem er full af gripandi tónlist og miklu fjöri. Meltúnsreitir er nýtt útivistarsvæði á bak við Björgunarsveitarhúsið í Völuteig.

13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, nag-grísir og mörg önnur húsdýr í Mosfellsdal. Aðgangur 800 kr.

14:00 - 17:00 OPIÐ HÚS Á SLÖKKVISTÖÐINNI Ný og glæsileg slökkvistöð við Skarhólabraut verður til sýnis fyrir hátíðargesti. Þá gefst almenningi tækifæri til að ganga um slökkvistöðina og skoða tæki og búnað. Allir velkomnir.

14:00 - 17:00 STEKKJARFLÖT - HOPPUKASTALAR Frítt fyrir káta krakka.

14:00 HLÉGARÐUR - HÁTÍÐARDAGSKRÁ Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2018. Útnefning bæjarlistarmanns Mosfellsbæjar 2018. Skemmtileg tónlistaratriði og hátíðleg stund. Kynnir Davíð Ólafsson formaður menningarmálanefndar. Heitt á könnunni og allir velkomnir.

16:00 GLJÚFRASTEINN- STOFUTÓNLEIKAR Sjálfur tónlistarstjóri Íslensku óperunnar og nýráðinn aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Bjarni Frímann Bjarnason, mun bláða í nótnasafni Halldórs Laxness og flytja úrval verkanna á flygil skáldsins. Miðar eru seldir í safnbúðinni samdægurs og kosta 2.500 kr.

17:00 LEIKHÓPURINN LOTTA - GOSI Leikhópurinn Lotta sýnir hið klass